

# Nettengd Biblía fyrir börn kynnir



## Prinsinn verður fjárhirðir



Höfundur: Edward Hughes  
Myndskreytingar: M. Maillot; Lazarus

Þýðandi: Práinn Kristjánsson  
Aðlagð af: E. Frischbutter; Sarah S.

Saga 10 af 60

[www.M1914.org](http://www.M1914.org)

*Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada*

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic




Móse leit snögglega í kringum sig til að vera viss um að enginn sæi, svo réðst hann á þrælarpískarann. Slagsmálin enduðu með dauða Egyptans. Móse jarðaði Egyptann í flýti.



Daginn eftir sá Móse tvo Hebrea að slást. Hann reyndi að aðskilja þá. "Kannski þú ætlir að drepa mig líka, eins og Egyptann?" sagði annar þeirra. Móse varð hræddur. Nú vissu allir, og faraó líka, hvað hafði skeð í gær. Móse varð að flýja. Hann flúði til Midíanlands.



Meðan Móse hvíldist við brunn á leiðinni, komu sjö dætur prestsins í Midían til að sækja vatn til að brynna hjörð föður síns.



Aðrir smalar reyndu að ýta þeim frá, en Móse gekk í veg fyrir þá til að hjálpa stúlkunum.



"Þið eruð komnar heim snemma!" sagði faðir þeirra, Reuel. Eftir að heyrja hvað hafði skeð, sagði hann, "Farið þið og náðið í manninn."



Móse settist síðan að hjá Reuel, sem var líka kallaður Jetro. Síðar giftist Móse elstu dóttur Reuels.




Sögunni viku nú til  
Egyptalands. Faraó var  
dáinn. Hebrearnir,  
fólk Guðs,



var ennþá í  
þrælkun.

9

Þjáningar þeirra  
og stunur voru  
heyranlegar.



Pau báðu fyrir  
Guðs hjálp, og Guð  
heyrði bænir þeirra.

10

Án vitundar Móse, var það ætlun  
Guðs að senda hann til að koma  
hinum undirokuðu Hebreum til  
hjálp. Fjörutíu ár voru liðin  
síðan Móse fór frá Egyptalandi.  
Hann var fjárhirðir Reuels.  
Móse hlýtur að hafa saknað  
fólks síns í Egyptalandi.



11

Dag nokkurn sá Móse logandi  
eld í þyrnirunna skammt frá.  
En þrátt fyrir eldinn, brann  
runninn ekki. Móse ákvað  
að skoða runnann.



12

Þegar Móse nágaðist, kallaði Guð til hans úr  
runnanum. "Móse!" "Hér er ég," sagði Móse.  
"komdu ekki of nálægt," sagði Guð. "Farðu úr  
skónum, því að staðurinn sem þú stendur á er  
heilög jörð."




13

"Ég ætla að senda þig til faraós til að losa  
fólk mitt úr ánaud Egyptalands," sagði Guð.  
En Móse var hræddur  
við að fara.




14

Þá gerði Guð kraftaverk, og breytti staf Móse í lifandi snák.




15

Þegar Móse tók snákinn up á halanum breyttist hann aftur í staf. Guð gerði annað kraftaverk.




16

"Settu hönd þína í barm þér," sagði Guð. Móse gerði það og höndin varð hvít af holdsveiki.




17

Þegar hann gerði það aftur, varð höndin heilbrigð á ný.




18

Móse vildi ekki verða talsmaður Guðs. "Ég á ekki gott með að tala," sagði hann við Guð. Guð reiddist og sagði, "Ég ætla að láta Aron, bróður þinn, tala það sem þú segir honum."



19

Móse snéri nú aftur heim til Jetró, tók saman þjónkur sínar og hélt áleiðis til Egyptalands.




20

Guð leiddi Aron, bróður Móse, til að hitta hann við fjall eitt í eyðimörkinni. Og saman báru þeir fréttirnar til leiðtoga Hebrea. Þegar Móse sýndi trúarleiðtogum Hebrea tákinn, vissu þeir að Guð mundi vera með þeim. Saman, lutu þeir höfði og tilbáðu Drottin.



21

Móse og Aron fóru óhræddir til faraó. "Guð segir, 'Leyfðu þjóð minni að fara.'"



22

"Ég leyfi Ísrael ekki að fara," svaraði faraó.



23

Hann hlýddi ekki Guði. Guð yrði að beyta krafti sínum til að breyta hug faraós.



24

Prinsinn verður fjárhirðir

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Önnur Mósebók 2-5

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."  
Sálmarnir 119:130

**Guð veit** að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

**Guð elskar okkur** svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

**Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum**, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inní líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífd. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

**Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!**